

# STARFSLEYFI

## fyrir urðun úrgangs á vegum Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.

*Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðhöndlun úrgangs á athafnasvæði Skaftárhrepps á Stjórnarsandi, hér eftir nefndur rekstraraðili. Óheimilt er að brenna úrganginn. Starfsleyfi þetta gildir fyrir urðun á allt að 200 tonnum af úrgangi.
- 1.2 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, í samráði við Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til Heilbrigðisnefndar Suðurlands, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 1.3 Fara skal þannig með allan úrgang að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði á athafnasvæðum rekstraraðila eða á flutningsleiðum.
- 1.4 Berist á starfstímanum út í umhverfið mengun frá starfseminni sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðili ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.
- 1.5 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6 Ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang og reglugerðar nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, gilda um starfsemi rekstraraðila.
- 1.7 Verði vart við meindýr á borð við rottur eða vargfugla, skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á urðunarstað á Stjórnarsandi. Markvisst skal unnið að því að fæla frá vargfugl þannig að ekki skapist skilyrði fyrir viðveru hans á urðunarsvæðinu.
- 1.8 Rekstraraðili skal upplýsa almenning um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna sem fyrirtækið getur tekið á móti.
- 1.9 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.
- 1.10 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. júní ár hvert, eftirfarandi í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Suðurlands:
  - sýnatökur og mælingar á mengunarefnum.
  - niðurstöður mælinganna.
  - magn og tegundir úrgangs sem hafa verið urðuð á urðunarstöðunum.

Séu ofangreindar upplýsingar að finna í ársskýrslu rekstraraðila þarf ekki að senda út sérstaka samantekt. Upplýsingar þessar skulu þó vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 1.11 Einu sinni á tveggja ára fresti boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila og Heilbrigðisnefndar Suðurlands á samráðsfund. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.
- 1.12 Með eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi lýkur skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit eða annarra laga og reglugerða þegar það á við, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

## **2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR OG SPILLIEFNI**

### **2.1 Úrgangsefni til endurnýtingar**

Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna skal rekstraraðili vinna markvisst að nýtingu úrgangs, t.d. með endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Undir þetta falla t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast og brotamálmur.

### **2.2 Spilliefni**

Óheimilt er blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil, sbr. þó grein 3.1 í starfsleyfi þessu. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi er tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstöðunum. Hann skal einnig krefja úrgangshafa um að leggja fram gögn, þegar því verður viðkomið, til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.

## **3. URÐUNARSTAÐUR Á STJÓRNARSANDI**

- 3.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir urðun á sláturhúsaúrgangi, seyru, byggingarúrgangi og ösku frá Sorporkustöð Skaftárhrepps. Einnig fyrir móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi. Heimila má urðun úrgangs sem flokkaður hefur verið sem spilliefni en inniheldur ekki spilliefni samkvæmt nánara mati á hættu úrgangsins. Slíkt leyfi er einungis veitt af Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.
- 3.2 Allt athafnasvæði urðunarstaðarins skal girt með girðingu sem hindrar umferð manna og skepna. Hlið skulu einungis opin á þeim tímum sem móttaka og urðun stendur yfir. Takmarka skal aðgang annarra að svæðunum en rekstrar- og eftirlitsaðila.
- 3.3 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal hulinn samdægurs til að hindra fok og aðgang meindýra. Eftir fyllingu skal urðunargryfja hulin jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 cm. Endanlegur frágangur urðunarsvæða og hugsanleg uppgræðsla skulu gerð í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

- 3.4 Skipulag frágangs og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðanna skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.
- 3.5 Rekstraraðili skal setja upp rannsóknarbrunn til að fylgjast með hugsanlegum breytingum á efnasamsetningu grunnvatns á Stjórnarsandi. Staðsetning hans skal ákveðinn í samráði við eftirlitsaðila. Mæla skal árlega pH, leiðni,  $\text{NH}_3^+$  og COD.

#### **4. GJALDSKYLDA**

Starfsemi þessi er í þriðja gjaldskrárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og greiðir Skaftárhreppur eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit.

#### **5. GILDISTAKA**

Starfsleyfi þetta öðlast gildi við útgáfu þess og það gildir til 30. júní 2009.

Starfsleyfi þetta, sem gildir fyrir Skaftárhrepp., kennitala 480690-2068, vegna urðunar úrgangs á Stjórnarsandi, er ekki framseljanlegt. Verði aðilaskipti að rekstrinum þarf nýr rekstraraðili að afla sér starfsleyfis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Rekstraraðili skal fyrir 30. mars 2001, hafa lokið við að girða af urðunarstaðinn á Stjórnarsandi, sbr. grein 3.2.

**07. 01. 2000**

Mengunarvarnir  
Hollustuvernd ríkisins